

Fjárfestingastefna 2020-2024

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins Séreign
Leið I, Leið II og Leið III





Efnisyfirlit

1.	Um Séreign Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	3
2.	Forsendur fjárfestingarstefnu	3
2.1.	Almennt.....	3
2.2.	Aldurssamsetning, lífeyrisbyrði og framtíðargreiðsluflæði	4
2.3.	Efnahagshorfur og aðstæður á mörkuðum	5
3.	Markmið og viðmið fjárfestingarstefnu.....	5
3.1.	Leið I: Eignasamsetning, markmið og vikiörk	7
3.2.	Leið II: Eignasamsetning, markmið og vikiörk	8
3.3.	Leið III: Eignasamsetning, markmið og vikiörk	8
3.4.	Nánari umfjöllun um eignaflokka	9
3.5.	Mótaðila- og gjaldmiðlaáhætta, skráning og útgáfa.....	10
3.5.1.	Mótaðilaáhætta.....	10
3.5.2.	Gjaldmiðlaáhætta.....	10
3.5.3.	Skráning fjármálagerna	10
3.5.4.	Óskráðir fjármálagerna	10
3.5.5.	Markaðstorg fjármálagerna	10
3.6.	Takmarkanir og viðmið.....	11
3.6.1.	Hámarksfjárfesting í fjármálagernum og innlánunum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni	11
3.6.2.	Hámarksfjárfesting í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, reglur um veðsetningar-hlutföll og veðandlög.....	11
3.6.3.	Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra félaa.....	11
3.6.4.	Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild hans (UCITS).....	11
3.6.5.	Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða deild þeirra.....	11
3.6.6.	Hámarksfjárfesting í sjóðum innan sama rekstrarfélags	11
3.6.7.	Viðmið um notkun afleiða.....	11
3.6.8.	Hlutfall eigna í virkri stýringu	12
3.6.9.	Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka	12
3.6.10.	Markmið um hlutfall lausafjár	12
3.6.11.	Markmið um gjaldmiðlasamsetningu eftir tegundaflokkum og í heild.....	12
3.6.12.	Markmið um atvinnugreinaskiptingu eignasafns.....	12
4.	Fjárfestingar.....	12
4.1.	Almennt.....	12
4.2.	Fjárfestingarákvarðanir.....	13
4.3.	Ávöxtunar- og áhættuviðmið.....	14
4.4.	Ábyrgar fjárfestingar.....	15
Viðauki A.....	18



1. Um Séreign Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, hér eftir nefndur „LSR“, er starfræktur í þremur deildum og er hver deild með aðskilinn fjárhag. Deildir LSR eru: A-deild, B-deild og Séreign LSR.

Séreign LSR, hér eftir einnig nefnd „sjóðurinn“, er séreignarlífeyrissjóður stofnaður 1. janúar 1999. Sjóðnum er skipt í þrjár fjárfestingarleiðir, auk Sér-leiðar. Við inngöngu hefur sjóðfélagi val um Leið I, Leið II eða Leið III:

Leið I er hlutabréfaleið sem þýðir að sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar. Leið I hentar þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sig til að jafna út sveiflurnar og eiga von á að uppskera háa ávöxtun.

Leið II er skuldabréfaleið sem þýðir að sveiflur í ávöxtun verða minni en í leið I og áhættan er þ.a.l. minni. Leið II hentar þeim sem eiga þó nokkur ár til starfsloka en vilja taka miðlungsáhættu og vilja litlar sveiflur í ávöxtun.

Leið III er innlánsleið og séreignarsparnaðurinn er ávaxtaður á verðtryggðum innlánsreikningum. Þessi leið hentar einkum þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja lágmarks áhættu og lágmarka sveiflur í ávöxtun. Ávöxtun í leið III er sambærileg við ávöxtun á bankareikningi með hæstu verðtryggðu vöxtum og breytast vextirnir með almennu vaxtastigi.

Jafnframt getur sjóðfélagi valið Sér-leið, þ.e. þá fer sjóðfélagi úr þeirri leið sem hann valdi í Leið III við 55 ára aldur. Tilfærsla eigna milli leiða er með jöfnum mánaðarlegum færslum í þrjú ár frá 55 ára aldri. Sér-leið er því tvær mismunandi fjárfestingarleiðir: Leið I og Leið III eða Leið II og Leið III. Einnig er unnt að nýta sér fleiri en eina fjárfestingaleið og dreifa áhættunni kjósi sjóðfélagar svo.

Sjóðfélagi sem ákveður að greiða í séreignarsjóð greiðir iðgjald sem nemur allt að 4% af heildarlaunum til viðbótar við lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Sjóðfélagar eiga þá jafnan kost á mótframlagi frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar.

2. Forsendur fjárfestingarstefnu

2.1. *Almennt*

LSR starfar eftir lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, hér eftir nefnd „lög um lífeyrissjóði“, lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, samþykktum sjóðsins og öðrum reglum sem finna má á vef sjóðsins¹. Fjárfestingarstefna sjóðsins er unnin samkvæmt VII kafla laga um lífeyrissjóði, með síðari breytingum. Með lögum nr. 113/2016 sem tóku gildi 1. júlí 2017 voru gerðar breytingar á lögum um lífeyrissjóði, m.a. breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða og tegundaflokkun fjárfestinga. Fjárfestingarstefna þessi er jafnframt unnin samkvæmt

¹ <https://www.lsr.is/um-lsr/log-og-samthykkir/>



reglugerð nr. 916/2009 eins og henni var breytt með reglugerðum nr. 591/2017, nr. 880/2017 og nr.1127/2018. Þá tekur fjárfestingarstefnan mið af hluthafastefnu, áhættustefnu, stefnu um ábyrgar fjárfestingar og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Fjárfestingarstefna þessi er send til Fjármálaeftirlitsins fyrir 1. desember 2019 og er birt á vef LSR, www.lsr.is, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 591/2017.

Fjárfestingarstefna Séreignar er sett til fimm ára í senn og miðar við að markmiði um eignasamsetningu sé náð eigi síðar en í lok árs 2024. Engu að síður tekur stjórn LSR fjárfestingarstefnu sjóðsins til athugunar a.m.k. einu sinni á ári og gerir á henni breytingar telji hún þess þörf. Við þá endurskoðun er tekið tillit til aðstæðna á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum sem og eignasamsetningar sjóðsins á hverjum tíma. Jafnframt er tekið tillit til breytinga sem kunna að hafa orðið á rekstrar- og starfsumhverfi sjóðsins.

Fyrir upphaf hvers árs gerir stjórn LSR áætlun um fjárfestingar ársins. Fjárfestingaráætlunin byggir á gildandi fjárfestingarstefnu, tekur mið af eignasamsetningu, stöðu sjóðsins, horfum og fjárfestingartækifærum á verðbréfamörkuðum. Við gerð áætlunarinnar er tekið tillit til iðgjalda, lífeyrisgreiðslna, fjármagnstekna og endurgreiðslna af verðbréfaeign sjóðsins.

Fjárfestingarstefnur Leiðar I, II og III eru birtar hér í einu lagi en tekið er sérstaklega fram ef einhver grein stefnunnar á ekki við um tiltekna leið innan Séreignar LSR.


2.2. Aldurssamsetning, lífeyrisbyrði og framtíðargreiðsluflæði

Á árinu 2018 var meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga í Leið I 976, í Leið II var hann 582 og í Leið III 1.486. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga Séreignar á árinu 2018 var 55 ár. Meðalaldurinn skipist þannig á milli leiða að hann var 53 ár í Leið I, 48 ár í Leið II og 59 ár í Leið III. Tiltölulega hár meðalaldur og lítil nýliðun hefur í för með sér auknar útgreiðslur í náinni framtíð. Með hækkandi aldri er eðlilegt að draga úr vægi áhættumeiri fjárfestinga og því er gert ráð fyrir að eignaflutningar aukist úr Leiðum I og II yfir í Leið III. Það skýrir að hluta til þá hækkun sem áætlað er að verði á hreinni eign Leiðar III á komandi árum, sjá mynd 1.

Árið 2018 voru 462 lífeyrisþegar í Séreign LSR. Lífeyrisbyrði Séreignar var 47,9% á árinu 2018. Hún skiptist þannig að lífeyrisbyrði Leiðar I var 96,0%, Leiðar II var 31,6% og Leiðar III 40,5%. Að öllu óbreyttu mun lífeyrisbyrði aukast á komandi árum vegna hás meðalaldurs sjóðfélaga og lítillar nýliðunar.

Talsverð óvissa er um greiðslustreymi á næstu árum vegna heimildar um nýtingu séreignarsparnaðar til greiðslu við fasteignarkaup og til greiðslu inn á fasteignalán (SIL). Greiðslur sjóðfélaga Séreignar LSR inn á fasteignalán námu 28% af iðgjaldatekjum á árinu 2018 en hlutfallið var 32% á árinu 2017.

Við mat á framtíðargreiðsluflæði er gert ráð fyrir hækkandi lífeyrisbyrði, 6% nafnávöxtun á eignum sjóðsins og 2,5% verðbólgu í samræmi við verðbólguþétt Seðlabanka Íslands. Jafnframt er gert ráð fyrir að raunávöxtun af innlendum skuldabréfum fari lækkandi til lengri tíma litið. Ekki er tekið tillit til mögulegrar ráðstöfunar sjóðfélaga í tilgreinda séreign. Mat á framtíðargreiðsluflæði næstu ára er jákvætt í öllum leiðum Séreignar sem verður til þess að hrein eign sjóðsins hækkar með hverju árinu eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1

2.3. Efnahagshorfur og aðstæður á mörkuðum

Snarpur viðsnúningur hefur orðið í efnahagsmálum hér á landi fyrir tilstuðlan ýmissa áhrifapátta á borð við fækkun ferðmanna, loðnubrests, og rýrnun viðskiptakjara. Samhliða þessum viðsnúningi hefur atvinnuleysi aukist og eru horfur á samdrætti í landsframleiðslu á árinu 2019 skv. spá Seðlabankans en bjartari tíð er þó spáð á árinu 2020. Á árinu hefur íslenska krónan veikst en veiking krónunnar er þó ívið minni en hún var árið 2018.

Þrátt fyrir að gefið hafi á bátinn er íslenska hagkerfið ágætlega í stakk búið til að takast á við erfiðari tíma. Skuldastaða hins opinbera er lág en hreinar skuldir ríkissjóðs nema um 20% af vergri landsframleiðslu, efnahagsreikningar fyrirtækja og heimila eru sterkir, gjaldeyrisforði Seðlabankans er riflegur og eignastaða þjóðarbúsins er jákvæð. Skrifað var undir kjarasamninga á almennum vinnumarkaði á árinu „Lífskjarasamninginn“ sem ætlað er að auðvelda fyrirtækjum að takast á við krefjandi aðstæður í hagkerfinu.

Aukin áhætta í fjármálakerfinu er nú þegar komin fram að hluta og viðnámsþróttur fjármálakerfisins er mikill. Við núverandi aðstæður er því ólíklegt að nýleg áföll muni raska stöðugleika fjármálakerfisins á næstu misserum að mati Seðlabankans. Fram kemur í Fjármálastöðugleika, riti SÍ sem kom út í október 2019, að helstu áhættuþættir í íslensku fjármálakerfi séu tengdir stöðu ferðaþjónustunnar og markaði með íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Raunverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hefur lítið breyst undanfarið ár og í lok ágúst hafði launavísitalan hækkað meira á sl. 12 mánuðum heldur en vísitala leiguverðs, vísitala byggingarkostnaðar og vísitala fasteignaverðs sem er breyting frá því sem verið hafði árin á undan. Mögulegt er að verð íbúðarhúsnæðis kunnist að lækka og benda spár til þess að ráðstöfunartekjur og einkaneysla muni vaxa hægar á næstunni en undanfarin ár. Ferðamönnum hefur fækkað og dregið hefur úr skammtímaútleigu til þeirra ásamt því að gert er ráð fyrir hægari fólksfjölgun á næstu árum. Þessar aðstæður ásamt miklu framboði á nýbyggingum gætu leitt til offramboðs og þar með lækkunar á verði fasteigna.



Staða heimilanna hefur styrkst verulega á liðnum árum og er mjög góð í sögulegu samhengi. Í lok júní sl. námu skuldir heimilanna tæplega 76% af landsframleiðslu og höfðu þá hækkað um rúma prósentu frá árinu áður. Á fyrstu átta mánuðum ársins lánuðu lífeyrissjóðirnir um 40% af nýjum húsnæðislánum heimilanna sem er nánast sama hlutfall og á sama tíma fyrir ári. Að óbreyttu munu lækkandi skammtímavextir léttu greiðslubyrði skili lækkunin sér til lántakenda. Heimilin ættu því að vera vel undir það búin að takast á við minni vöxt ráðstöfunartekna, sérstaklega ef atvinnuleysi er óbreytt.

Meginvextir Seðlabankans hafa lækkað um 1,5 prósentur á árinu og eru nú 3%. Samhliða hefur ávöxtunarkrafa skuldabréfa á markaði lækkað. Lækkunin hefur verið meiri á óverðtryggðum bréfum en verðtryggðum og hefur verðbólguálag á markaði því lækkað. Það sem getur skýrt þetta er m.a. hóflegir kjarasamningar, hægari vöxtur einkaneyslu, viðskiptaafgangur hefur aukist milli ára, hægt hefur á skuldsetningu fyrirtækja og lág verðbólga í helstu viðskiptalöndum sem skilar sér í lægri innfluttri verðbólgu.

Með lækkandi vaxtastigi verður erfiðara fyrir bankana að miðla breytingum á meginvöxtum Seðlabankans bæði á eigna- og skuldahlið efnahagsreikningsins en vextir á óbundnum innlánum eru í flestum tilfellum rétt fyrir ofan 0%. Það getur þýtt að stærri fyrirtæki líti til fjármögnunar á markaði með skuldabréfaútgáfum en lítið hefur verið um skuldabréfaútgáfur fyrirtækja á markaði, annarra en fasteignafélaga.

Hlutabréfavísitalan OMXIGI hefur hækkað um rúm 20% það sem af er árinu 2019 en þó hefur velta með hlutabréf dregist saman. Félögum skráðum á Aðalmarkað Kauphallar Íslands fjölgaði þegar Iceland Seafood hf. færði sig af Nasdaq First North-markaðnum. Marel hf. leiðir hækkunir félaga á markaði en hlutabréf Icelandair hf. og Sýn hf. hafa lækkað mest á árinu.

Ýmsar blíkur eru á lofti á alþjóðavettvangi um þessar mundir, bæði á pólitískum og efnahagslegum vettvangi. Langvarandi tollastríð Bandaríkjanna og Kína er enn mikið áhyggjuefni og áhrifa gætir um allan heim. Útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu fylgir mikil óvissa og ennþá er óljóst hver áhrifin verða á Bretland og viðskiptalönd þess. Hagvaxtartölur beggja vegna Atlantshafsins eru veikar og vöxtur neikvæður. Atvinnuleysi fer þó enn minnkandi en jafnframt er farið að hægja á vexti nýrra starfa í Bandaríkjunum. Vaxtastig í heiminum hefur lækkað mikið á síðustu misserum samhliða minnkandi verðbólgu og versnandi efnahagshorfum. Vaxtastig er nú neikvætt í helstu Evrópulöndum og stýrivextir í Bandaríkjunum hafa einnig verið lækkaðir í fyrsta sinn í 10 ár. Lág vaxtastig getur haft margvísleg áhrif á þá fjárfestingakosti sem í boði eru. Ávöxtun markaðsskuldabréfa lækkar en lækkandi vextir geta haft jákvæð áhrif á hagnaðartölur fyrirtækja og því jákvæð áhrif á aðra eignaflokka verðbréfa.

Frá árinu 2010 hefur verið eitt lengsta hækkunarskeið á hlutabréfamörkuðum þar sem hlutabréf á heimsvísu hafa hækkað að meðaltali um 8,5% á ári og hlutabréf í Bandaríkjunum hafa hækkað að meðaltali um 10,7% á ári. Flestir hagvísar gefa það til kynna að farið sé að síga á seinni hluta hagsveiflunnar. Við þær aðstæður er mikilvægt að skoða þá eignaflokka sem eru með litla eða neikvæða fylgni við skráða markaði til að lágmarka sveiflur í ávöxtun.



3. Markmið og viðmið fjárfestingarstefnu

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði er heimilt að ávaxta fé, sem ætlað er að veita lágmarkstryggingavernd, í innlánnum viðskiptabanka og sparisjóða, fjármálagerningum og fasteignum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Jafnframt skal flokka eignir sjóðsins í eignaflokka A-F, sbr. 36. gr. a í lögum nr. 129/1997, sjá nánar í kafla 3.4. Stefnu sjóðsins um eignasamsetningu og vilmörk og eignasamsetningu 30. september 2019 má sjá hér í töflum 1-3 og í viðauka A.

3.1. Leið I: Eignasamsetning, markmið og vilmörk

	Eignaflokkur	Eign 30.09.19	Stefna	Vilmörk	
(1) A.a	Skuldabréf með ríkisábyrgð	6%	5%	0%	20%
(1) A.b	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	0%	0%	0%
(2) B.a	Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	1%	2%	0%	10%
(2) B.b	Innlán	1%	5%	0%	20%
(2) B.c	Sértryggð skuldabréf	1%	2%	0%	5%
(3) C.a	Skuldabréf lánastofnana	0%	1%	0%	5%
(3) C.b	Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	62%	55%	30%	80%
	Skuldabréfasjóðir	23%	15%	10%	30%
	Hlutabréfasjóðir	39%	40%	20%	50%
(4) D.a	Skuldabréf fyrirtækja	0%	0%	0%	5%
(4) D.b	Skuldabréf sjóða um sam.fjárfestingu	0%	0%	0%	0%
(5) E.a	Hlutabréf	15%	15%	10%	20%
(5) E.b	Hlutdeildarskírteini sjóða um sam.fjárfest.	14%	15%	0%	30%
	Skuldabréfasjóðir	13%	12%	5%	20%
	Hlutabréfasjóðir	1%	3%	0%	10%
(5) E.c	Fasteignir	0%	0%	0%	0%
(6) F.a	Afleiður	0%	0%	0%	0%
(6) F.b	Aðrir fjármálagerningar	0%	0%	0%	0%

Tafla 1

Gert er ráð fyrir að markmiði um eignasamsetningu verði náð eigi síðar en 2024. Stefnan tekur m.a. mið af áætluðu greiðsluflæði, efnahagshorfum og áhættustefnu. Eftir sem áður er áhersla lögð á seljanlegar eignir með fjárfestingum í verðbréfasjóðum (UCITS) og öðrum sjóðum með ríkar innlausnarheimildir.

Gengisbundnar eignir sjóðsins flokkast undir innlán (B.b), hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (C.b), hlutabréf (E.a) og hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).



3.2. Leið II: Eignasamsetning, markmið og vilmörk

	Eign 30.09.19	Stefna	Vilmörk	
(1) A.a Skuldabréf með ríkisábyrgð	10%	10%	0%	30%
(1) A.b Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	0%	0%	0%
(2) B.a Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	3%	5%	0%	10%
(2) B.b Innlán	6%	5%	0%	20%
(2) B.c Sértryggð skuldabréf	2%	5%	0%	10%
(3) C.a Skuldabréf lánastofnana	0%	2%	0%	5%
(3) C.b Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	56%	43%	20%	80%
	<i>Skuldabréfasjóðir</i>	35%	23%	10%
	<i>Hlutabréfasjóðir</i>	21%	20%	10%
(4) D.a Skuldabréf fyrirtækja	0%	2%	0%	5%
(4) D.b Skuldabréf sjóða um sam.fjárfestingu	0%	0%	0%	0%
(5) E.a Hlutabréf	7%	8%	0%	20%
(5) E.b Hlutdeildarskírteini sjóða um sam.fjárfest.	15%	20%	0%	40%
	<i>Skuldabréfasjóðir</i>	14%	18%	10%
	<i>Hlutabréfasjóðir</i>	1%	2%	0%
(5) E.c Fasteignir	0%	0%	0%	0%
(6) F.a Afleiður	0%	0%	0%	0%
(6) F.b Aðrir fjármálagerningar	0%	0%	0%	0%

Tafla 2

Gert er ráð fyrir að markmiði um eignasamsetningu verði náð eigi síðar en 2024. Stefnan tekur m.a. mið af áætluðu greiðsluflæði, efnahagshorfum og áhættustefnu Eftir sem áður er áhersla lögð á seljanlegar eignir með fjárfestingum í verðbréfasjóðum (UCITS) og öðrum sjóðum með ríkar innlausnarheimildir.

Gengisbundnar eignir sjóðsins flokkast undir innlán (B.b), hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (C.b), hlutabréf (E.a) og hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).

3.3. Leið III: Eignasamsetning, markmið og vilmörk

	Eign 30.09.19	Stefna	Vilmörk	
(1) A.a Skuldabréf með ríkisábyrgð	0%	-	-	-
(1) A.b Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	-	-	-
(2) B.a Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	0%	-	-	-
(2) B.b Innlán	100%	100%	0%	100%
(2) B.c Sértryggð skuldabréf	0%	-	-	-
(3) C.a Skuldabréf lánastofnana	0%	-	-	-
(3) C.b Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	0%	-	-	-
(4) D.a Skuldabréf fyrirtækja	0%	-	-	-
(4) D.b Skuldabréf sjóða um sameiginl.fjárfestingu	0%	-	-	-
(5) E.a Hlutabréf	0%	-	-	-
(5) E.b Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginl.fjárfest.	0%	-	-	-
(5) E.c Fasteignir	0%	-	-	-
(6) F.a Afleiður	0%	-	-	-
(6) F.b Aðrir fjármálagerningar	0%	-	-	-

Tafla 3



Samkvæmt stefnu er Leið III eingöngu í innlánnum. Til innlána teljast verðtryggðir innlánsreikningar á hagstæðustu vöxtum sem bjóðast hverju sinni. Þó er heimilt að ávaxta nauðsynlegt lausafé á óverðtryggðum innlánsreikningum. Stefna Leiðar III er óbreytt á milli ára.

3.4. *Nánari umfjöllun um eignaflokka*

Líkt og komið hefur fram skal flokka eignir sjóðsins í eignaflokka A-F. Hér á eftir má sjá hvaða eignir í eignasafni sjóðsins tilheyra hverjum eignaflokki. Sjóðurinn á ekki eignir sem falla undir eignaflokk F.

1. *Eignaflokkur A.*

- a. Fjármálagerningar sem aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjar gefa út eða ábyrgjast.
- b. Skuldabréf tryggð með veði í fasteign, enda fari veðhlutfall ekki umfram 75% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis eða 50% af markaðsvirði annarra fasteigna við lánveitingu.

2. *Eignaflokkur B.*

- a. Fjármálagerningar sem sveitarfélög eða Lánasjóður sveitarfélaga ohf. gefa út eða ábyrgjast.
- b. Innlán viðskiptabanka og sparisjóða.
- c. Skuldabréf samkvæmt lögum um sértryggð skuldabréf og samsvarandi skuldabréf útgefin í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

3. *Eignaflokkur C.*

- a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, að undanskildum kröfum sem um hefur verið samið að víki fyrir öllum öðrum kröfum.
- b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði eða tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).

4. *Eignaflokkur D.*

- a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga.
- b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

5. *Eignaflokkur E.*

- a. Hlutabréf félaga.
- b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- c. Fasteignir í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum.



6. Eignaflokkur F.

- a. Afleiður sem draga úr áhættu sjóðsins, enda sé viðmið þeirra fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, neysluverðsvísitölur, verðbréfavísitölur, vextir eða gengi erlendra gjaldmiðla.
- b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður.

3.5. Mótaðila- og gjaldmiðlaáhætta, skráning og útgáfa

3.5.1. Mótaðilaáhætta

Samanlögð eign hvernar fjárfestingarleiðar í fjármálagerningum sem falla undir 2.-6. tölulið í kafla 3.4 að ofan, útgefnum af sama aðila, skal ekki vera meiri en 20% af heildareignum. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu eða tilheyra hópi tengdra viðskiptavina, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Þessi grein fjárfestingarstefnu á ekki við um Leið III.

3.5.2. Gjaldmiðlaáhætta

Stefna Leiðar I er að hafa gengisbundnar eignir 44% af heildareignum sjóðsins með vikmörkum 35-55%. Stefna Leiðar II er að hafa gengisbundnar eignir 27% af heildareignum sjóðsins með vikmörkum 20-40%. Gengisbundnar eignir sjóðsins flokkast undir innlán (B.b), hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (C.b), hlutabréf (E.a) og hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).

Ekki er á stefnu sjóðsins að verja þá gjaldmiðlaáhættu sem kann að verða við fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum.

3.5.3. Skráning fjármálagerninga

Fjármálagerningar skv. 2.-6. tölulið í kafla 3.4 skulu skráðir á skipulegum verðbréfamörkuðum í samræmi við 2. mgr. 36. gr. b í lögum nr.129/1997. Þrátt fyrir 1. másl. er lífeyrissjóðnum heimilt að fjárfesta í hlutum og hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu ef kveðið er á um heimild til innlausnar þeirra að kröfu lífeyrissjóðsins á hverjum tíma.

Þessi grein fjárfestingarstefnu á ekki við um Leið III.

3.5.4. Óskráðir fjármálagerningar

Þrátt fyrir ákvæði í kafla 3.5.3 er heimilt að binda allt að 20% heildareigna í fjármálagerningum sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði. Þeir skulu þó gefnir út af aðilum innan aðildarríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Þessi grein fjárfestingarstefnu á ekki við um Leið III.

3.5.5. Markaðstorg fjármálagerninga

Að viðbættum kafla 3.5.4 er heimilt að binda allt að 5% heildareigna í fjármálagerningum sem eru skráðir á markaðstorg fjármálagerninga (MTF) í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sem starfar reglulega, er opið almenningi og viðurkennt á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.



3.6. Takmarkanir og viðmið

Eftirfarandi eru takmarkanir og viðmið í eignasafni sem stjórn hefur sett sjóðnum í samræmi við þau atriði sem fjallað er um í reglugerð nr. 591/2017:

3.6.1. Hámarksfjárfesting í fjármálagerningum og innlánnum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni

Séreign LSR er heimilt að binda allt að 20% heildareigna í fjármálagerningum sama útgefanda sem falla undir 2.-6. tölulið í kafla 3.4. Þar af er lífeyrissjóðnum óheimilt að binda meira en 10% af heildareignum í fjármálagerningum sama útgefanda sem falla undir 6. tölulið í kafla 3.4.

Þessi grein fjárfestingarstefnu á ekki við um Leið III.

3.6.2. Hámarksfjárfesting í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, reglur um veðsetningarhlutföll og veðandlög

Þetta viðmið á ekki við þar sem Leiðir I, II og III fjárfesta ekki beint í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum.

3.6.3. Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra félaga

Leiðum I og II er ekki heimilt að eiga meira en 20% af hlutafé í hverju félagi.

Þessi grein fjárfestingarstefnu á ekki við um Leið III.

3.6.4. Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild hans (UCITS)

Leiðum I og II er ekki heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum í hverjum verðbréfasjóði eða einstakri deild hans.

Þessi grein fjárfestingarstefnu á ekki við um Leið III.

3.6.5. Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða deild þeirra

Leiðum I og II er ekki heimilt að eiga meira en 20% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum í hverjum sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild hans.

Þessi grein fjárfestingarstefnu á ekki við um Leið III.

3.6.6. Hámarksfjárfesting í sjóðum innan sama rekstrarfélags

Leiðir I og II mega að hámarki eiga 50% í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags.

Þessi grein fjárfestingarstefnu á ekki við um Leið III.

3.6.7. Viðmið um notkun afleiða

Séreign hefur ekki á stefnu sinni að stofna til afleiðusamninga.



3.6.8. Hlutfall eigna í virkri stýringu

Að lágmarki skal 51% af eignum sjóðsins vera í virkri stýringu. Til eigna í virkri stýringu teljast allar eignir nema vísitölusjóðir, verðtryggð innlán og fasteignaveðtryggð útlán til sjóðfélaga. Þann 30. september 2019 var hlutfall eigna í virkri stýringu 86,4% af hreinni eign Leiðar I og 87,2% af hreinni eign Leiðar II.

Þar sem markmið Leiðar III er að ávaxta fé á verðtryggðum innlánsreikningum má hlutfall Leiðar III í virkri stýringu fara niður í 0%.

3.6.9. Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka

Meðallíftími skuldabréfasafna Leiða I og II skal vera á bilinu 4-7 ár. Við sérstakar aðstæður er heimilt að hafa meðallíftíma safnsins skemmri eða lengri.

Þessi grein fjárfestingarstefnu á ekki við um Leið III.

3.6.10. Markmið um hlutfall lausafjár

Miða skal við að vægi innlána í Leiðum I og II sé 5% af hreinni eign en þó að hámarki 20%. Miða skal við að meirihluti innlána sé laus á hverjum tíma til að geta mætt óvæntu útstreymi úr sjóðunum og flutningum á milli fjárfestingaleiða, óski sjóðfélagi eftir því.

Miða skal við að vægi innlána í Leið III sé 100%. Markmið Leiðar III er að ávaxta fé á verðtryggðum innlánsreikningum en heimilt er til nota óverðtryggða reikninga fyrir greiðslustreymi innan mánaðar og til að mæta óvæntu útstreymi úr sjóðnum.

3.6.11. Markmið um gjaldmiðlasamsetningu eftir tegundaflokkum og í heild

Gjaldmiðlasamsetning erlendra verðbréfaeignar skal taka sem mest mið af samsetningu viðmiðunarvísitölu hvers eignaflokks, sjá nánar í kafla 4.3.

Eignir Leiðar III skulu ávaxtaðar á bankareikningum í íslenskum krónum.

3.6.12. Markmið um atvinnugreinaskiptingu eignasafns

Atvinnugreinaskipting innlendra hlutabréfa Séreignar skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu OMXIGI vísitölnnar.

Atvinnugreinaskipting erlendra fjárfestinga sjóðsins skal taka mið af atvinnugreinaskiptingu MSCI World vísitölnnar.

Þessi grein fjárfestingarstefnu á ekki við um Leið III.

4. Fjárfestingar

4.1. Almennt

Fjárfestingar Séreignar miða að því að náð verði sem bestri ávöxtun eigna sjóðsins með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi en að teknu tilliti til áhættu. Til að ná þessum markmiðum er vandað til allra ákvarðana um fjárfestingar og skal tryggja sem best vörslu eigna.

Virkri eignastýringu er beitt til að mæta þeim kröfum sem settar eru fram í fjárfestingarstefnu um dreifingu eigna á mismunandi hagkerfi, gjaldmiðla, atvinnugreinar og einstaka



útgefendur. Þannig er komið í veg fyrir óæskilega samþjöppun í eignasafni, sjá nánar í kafla 4.3. Jafnframt er leitast við að lágmarka sveiflur í ávöxtun sjóðsins vegna verðsveiflna á markaði að því marki sem kostur er.

4.2. Fjárfestingarákvarðanir

Fjárfestingarákvarðanir eru teknar þannig að unnt sé að gera grein fyrir forsendum þeirra með greinargóðum hætti og rökstyðja hvernig þær falla annars vegar að gildandi lögum og reglum sem sjóðurinn starfar eftir og hins vegar þeim verklagsreglum sem sjóðurinn hefur sett sér við fjárfestingar og meðferð fjármálagerninga.

Allar ákvarðanir um fjárfestingar sjóðsins skulu taka mið af fjárfestingastefnu þessari, fjárfestingaáætlun, hluthafastefnu sjóðsins og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Við mat á fjárfestingum skal horfa til greininga á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi eignasafnsins í heild að leiðarljósi. Ávöxtunarmöguleikar og fýsileiki fjárfestingakosta eru metnir til móts við áhættu þeirra sem og farið er yfir samfélagslega þætti þeirra. Við greiningu og mat á fjárfestingakostum er farið eftir verkferlum og verklýsingum sjóðsins. Þær greiningar sem viðeigandi þykja hverju sinni eru framkvæmdar, bæði af starfsfólki LSR og utanaðkomandi sérfræðingum. Greiningar á fjárfestingakostum taka mið af ýmsum þáttum sem geta verið mismunandi eftir tegundum fjárfestinga. Við mat á skuldabréfum er horft m.a. til þess hvort útgefandi sé með lánshæfismat, hvort veitt verði veð til trygginga á greiðslum, rekstrarsögu, fjárhagslegs styrkleika útgefanda og skilmála skuldabréfanna. Greining og skuldabréfastýring er framkvæmd af starfsfólki LSR. Er kemur að fjárfestingum í hlutabréfum er m.a. horft til verðlagningar hlutabréfa viðkomandi hlutafélags, fjárhagslegs styrkleika, arðsemi og hvort að framtíðarhorfur séu góðar. Stýring á innlendu hlutabréfasafni er framkvæmd af starfsfólki LSR. Það jafnframt greinir og metur verðbréfasjóði sem hafa m.a. umsjón með daglegri stýringu á erlendum verðbréfum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í eigu sjóðsins. Við greiningu og mat á fjárfestingakostum er stuðst við upplýsingar sem liggja fyrir á hverjum tíma, m.a. úr upplýsingaveitum og fyrirliggjandi greiningum.

Áhersla er lögð á lausafjárstýringu í Séreign. Þess vegna fjárfesta Leiðir I og II að stærstum hluta í verðbréfasjóðum (UCITS) og öðrum auðseljanlegum fjármálagerningum. Jafnframt er þess gætt að nægilegt laust fé sé til ráðstöfunar til að bregðast við flutningum sjóðfélaga á milli fjárfestingaleiða, flutningum til annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar og öðru óvæntu útstreymi.

Í innri reglum sjóðsins eru skilgreindar fjárfestingaheimildir starfsmanna og framkvæmdastjóra og í þeim er tilgreint sérstaklega hvaða fjárfestingatillögur þurfa samþykki stjórnar sjóðsins. Þannig er í innri reglum tilgreint hvaða fjárfestingaheimildir starfsmenn og framkvæmdastjóri hafa í einstökum flokkum verðbréfa. Leita skal eftir fyrirfram samþykki stjórnar LSR þegar keypt er í fyrsta sinn hlutdeildarskírteini eða hluti í verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði, fagfjárfestingsjóði eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Undanskilin eru hlutdeildarskírteini og hlutir innlendra UCITS-sjóða og hlutdeildarskírteini og hlutir verðbréfa- og fjárfestingasjóða sem notaðir eru í lausafjárstýringu. Þá skal leita fyrirfram samþykkis stjórnar LSR vegna fjárfestinga í eignarflokkum sem sjóðurinn hefur ekki fjárfest í áður. Einnig skal leita eftir fyrirfram samþykki stjórnar LSR þegar fjárfesta skal í fyrsta sinn í félögum sem ekki eru skráð á



skipulegum verðbréfamarkaði og þegar fjárfesta skal í fyrsta sinn í skuldabréfum útgefnum af félögum sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar eru einungis heimilar að fengnu samþykki stjórnar LSR.

4.3. Ávöxtunar- og áhættuviðmið

Skipting eigna er ákveðin með hliðsjón af áhættu, ávöxtun og væntingum um ávöxtun mismunandi eignaflokka. Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega er ávöxtun eigna sjóðsins reiknuð ásamt ávöxtun einstakra verðbréfaflokka og hún borin saman við ávöxtun samkvæmt settum viðmiðum hvers eignaflokks. Við mat á flökti í ávöxtun skal jafnframt taka mið af viðmiðum hvers eignaflokks.

Eignaflokkar	Vænt nafnávöxtun	Heiti vísitölu	Auðkenni
Innlán	3,30%	OMX Iceland 3M Non-Indexed + álag	OMXI3MNI
Verðtryggð innlán		60 mánaða verðtryggðir innlánsreikningar	
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	3,20%	OMX Iceland 10 Year Indexed + álag	OMXI10YI
Skuldabréf lánastofnana	3,90%	OMX Iceland 10 Year Indexed + álag	OMXI10YI + álag
Skuldabréf sveitarfélaga	4,40%	OMX Iceland 10 Year Indexed + álag	OMXI10YI + álag
Skuldabréf fyrirtækja	5,40%	OMX Iceland 10 Year Indexed + álag	OMXI10YI + álag
Innlend hlutabréf	10,0%	OMX Iceland All-Share GI	OMXIGI
Erlend skuldabréf	5,0%	Barclays Global-Aggregate Total Return Index	LEGATRUU
Erlend hlutabréf	8,0%	MSCI World Index	NDDUWI

Tafla 4

Leitast er við að hafa áhættudreifingu í eignasafni sjóðsins sem mesta, með hagkvæmasta samvali verðbréfa og með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum. Jafnframt er tekið tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingakosta í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar. Í fjárfestingarskýrslum sjóðsins er eignasafnið borið saman við fjárfestingarstefnu og kannað hversu nálægt efri og neðri vikmörkum eignasamsetning sjóðsins er miðað við stefnu. eru þessir útreikningar framkvæmdir ársfjórðungslega fyrir öll skilgreind vikmörk og viðmið stefnunnar. Ef farið er út fyrir vikmörk stefnu eru frávik skráð í áhættueftirlitskerfi sjóðsins og birt í skýrslu áhættustjóra. Vikmörkin eru þeir áhættumæliskvarðar sem notaðir eru í reglulegri vöktun sjóðsins. Aðrir áhættuþættir geta verið notaðir í sérstökum greiningum eða skýrslum um eignasafn og einstakar fjárfestingar sjóðsins. Áhættustýring hefur einnig eftirlit með framfylgni fjárfestingarstefnunnar og er því eftirliti lýst í áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðsins. Í áhættustýringarstefnu er skilgreint hvenær frávik eða brot á skilgreindum mörkum telst alvarlegt samkvæmt 14. gr. reglugerðar 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Gætt er að samþjöppun í eignasafni og hún lágmarkuð sem kostur er. Hugað er að mótaðilaáhættu við fjárfestingaákvæðanir, sbr. kafla 3.5 í fjárfestingastefnu. Útreikningar á eignasafni eru framkvæmdir með reglubundnum hætti þar sem safnið er greint á margvíslega vegu, t.a.m. eru innlend og erlend verðbréf greind niður á einstaka útgefendur verðbréfa og rekstrarfélög og erlend verðbréf eru greind niður á landsvæði og atvinnugreinar. Við mat á innlendri samþjöppun er horft á beinan og óbeinan eignarhlut í félögum. Þessir útreikningar, ásamt fleirum, eru birtir í fjárfestingarskýrslu en jafnframt er stuðst við þessa útreikninga í greiningu við mat á fjárfestingakostum.



4.4. Ábyrgar fjárfestingar

Á árinu 2019 setti stjórn LSR stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Í stefnunni eru skilgreind viðmið sem höfð skulu til grundvallar við mat á fjárfestingum:

- LSR er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar en jafnframt að vera ábyrgur fjárfestir og stuðla að framþróun góðra starfshátta á fjármálamarkaði.
- LSR skal hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi við mótun fjárfestingarstefnu og við ávöxtun fjár lífeyrissjóðsins. Umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir eru hluti af heildaráhættumati sjóðsins við fjárfestingaákvörðanir og eftirfylgni þeirra þar sem þessir þættir geta haft áhrif á ávöxtun og áhættu til lengri tíma.
- Að mati LSR hafa umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir áhrif á rekstur og samkeppnishæfni fyrirtækja. LSR leitast jafnframt við að þau félög sem fjárfest er í séu sjálfbær í rekstri og stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það samræmist langtímahagsmunum sjóðsins, sjóðfélaga og samfélagsins í heild.

LSR hefur jafnframt skrifað undir viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) og þar með hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að horfa til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta við mat og ákvörðanir á fjárfestingum. Í samræmi við viðmið Sameinuðu þjóðanna skal LSR m.a. beita sér fyrir viðurkenningu á þeim í almennri fjárfestingastarfsemi og starfa með öðrum fjárfestum til að auka þekkingu í tengslum við ábyrgar fjárfestingar. LSR er meðal stofnaðila IcelandSIF en tilgangur þeirra samtaka er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábygrgra fjárfestinga og auka umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Sem ábyrgur fjárfestir leitast LSR við að:

- Byggja upp þekkingu og getu stjórnar og starfsmanna til að samþætta umhverfislega þætti, félagslega þætti og stjórnarhætti inn í greiningar og fjárfestingaákvörðanir
- Leggja áherslu á að takmarka samfélagslega áhættu fyrirtækja til þess að það skili sér í betri fjárfestingu
- Reyna, í krafti eignarhalds eða fjárfestinga, að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif á fyrirtæki og fjármálamarkað

LSR hvetur þau félög sem sjóðurinn fjárfestir í og þau rekstrarfélög sem starfrækja verðbréfa- og fjárfestingasjóði að sýna gagnsæi þegar kemur að umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum og skýra frá því, svo sem í ársskýrslu, samfélagssskýrslu eða á sambærilegan máta, hvernig starfsemin og fjárfestingar tengjast almennt viðurkenndum viðmiðum á borð við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, ESG viðmið kauphallarinnar og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Í hluthafastefnu LSR, sem varðar aðkomu sjóðsins að félögum sem sjóðurinn fjárfestir beint í og eru skráð á hlutabréfamarkaði, er mælt til þess að þau fyrirtæki sem LSR fjárfestir í sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum, umhverfismálum og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja



horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda. Hluthafastefnu LSR má finna á vef sjóðsins².

Stjórn LSR hefur sett sér og starfsfólki sjóðsins siða- og samskiptareglur sem birtar eru á vef sjóðsins³. Þær reglur setja viðmið m.a. hvað varðar góða starfshætti, hagsmunaárekstra, gjafir, boð og meðferð trúnaðarupplýsinga. Lögð er áhersla á að starfsmenn sjóðsins ræki samskipti við aðila á fjármálamarkaði og útgefendur verðbréfa sem best í þágu lífeyrissjóðsins. Jafnframt áréttar stjórn LSR mikilvægi þess að slík samskipti byggji á almennum grunnreglum sem tryggja gott viðskiptasiðferði og á sama tíma hafi hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

² <https://www.lsr.is/media/log-og-samthykkir/Hluthafastefna.pdf>

³ <https://www.lsr.is/media/log-og-samthykkir/Sida-og-samskiptareglur-LSR.pdf>



Pannig samþykkt fjárfestingarstefna fyrir Séreign LSR á stjórnarfund 27. nóvember 2019, undirritað af stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og framkvæmdastjóra sjóðsins.

Unnur Pétursdóttir, formaður

Gunnar Björnsson, varaformaður

Árnir Stefán Jónsson

Áslaug María Friðriksdóttir

Guðrún Ögmundsdóttir

Ragnar Þór Pétursson

Viðar Helgason

Þorveig Þormóðsdóttir

Harpa Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri



Viðauki A

Leið I

Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs*	I. Markmið um eignasamsetningu	II. Vikmörk**		Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþykktum ***	III. Gengisbundin verðbréf	III. Vikmörk		IV. Óskráð verðbréf	VI. Vikmörk	
		Lægri	Efri				Lægri	Efri		Lægri	Efri
A.a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	5,0%	0,0%	20,0%	5,9%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
B.a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2,0%	0,0%	10,0%	1,4%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B.b. Innlán	5,0%	0,0%	20,0%	1,4%	100,0%	0,0%	0,0%	5,0%			
B.c. Sértryggð skuldabréf	2,0%	0,0%	5,0%	0,6%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C.a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	1,0%	0,0%	5,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	55,0%	30,0%	80,0%	62,0%	100,0%	40,0%	30,0%	50,0%			
D.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0,0%	0,0%	5,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D.b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E.a. Hlutabréf félaga	15,0%	10,0%	20,0%	14,6%	100,0%	2,0%	0,0%	5,0%	2,0%	0,0%	5,0%
E.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	15,0%	0,0%	30,0%	14,1%	100,0%	2,0%	0,0%	5,0%	2,0%	0,0%	5,0%
E.c. Fasteignir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
F.a. Afleiður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
F.b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	44,0%	35,0%	55,0%	42,7%	100,0%						

* eða annarra vörsluaðila.

** Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** Hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.



Leið II

Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs*	I. Markmið um eignasamsetningu	II. Vikmörk**		Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþykktum ***	III. Gengisbundin verðbréf	III. Vikmörk		IV. Óskráð verðbréf	VI. Vikmörk	
		Lægri	Efri				Lægri	Efri		Lægri	Efri
A.a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	10,0%	0,0%	30,0%	10,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
B.a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5,0%	0,0%	10,0%	3,5%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B.b. Innlán	5,0%	0,0%	20,0%	6,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
B.c. Sértryggð skuldabréf	5,0%	0,0%	10,0%	2,2%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C.a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttrygginga- félaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	2,0%	0,0%	5,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	43,0%	20,0%	80,0%	56,0%	100,0%	24,0%	20,0%	35,0%			
D.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	2,0%	0,0%	5,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D.b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E.a. Hlutabréf félaga	8,0%	0,0%	20,0%	7,5%	100,0%	1,0%	0,0%	5,0%	1,0%	0,0%	5,0%
E.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	20,0%	0,0%	40,0%	14,8%	100,0%	2,0%	0,0%	5,0%	2,0%	0,0%	5,0%
E.c. Fasteignir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
F.a. Afleiður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
F.b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	27,0%	20,0%	40,0%	23,9%	100,0%						

* eða annarra vörsluaðila.

** Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** Hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.



Leið III

Í hlutfalli af heildareignum lífeyrissjóðs*	I. Markmið um eignasamsetningu	II. Vikmörk**		Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþykktum***	III. Gengisbundin verðbréf	III. Vikmörk		IV. Óskráð verðbréf	VI. Vikmörk	
		Lægri	Efri				Lægri	Efri		Lægri	Efri
A.a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
B.a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga					100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B.b. Innlán	100,0%	0,0%	100,0%	100,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
B.c. Sértryggð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C.a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
D.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D.b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E.a. Hlutabréf félaga	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E.c. Fasteignir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%			
F.a. Afleiður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
F.b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%						

* eða annarra vörsluaðila.

** Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga.

*** Hámark samkvæmt lögum fyrir vörsluaðila viðbótartryggingaverndar annarra en lífeyrissjóða.